

Akureyri, 20. apríl 2021

Norðurþing, stjórnarsýsluhús  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Ketilsbraut 7-9  
640 Húsavík

## Röndin fiskeldisstöð á Kópaskeri

### Ósk um heimild til að breyta deiliskipulagi

Fyrir hönd Rifós hf. óskar undirritaður eftir heimild til að hefja vinnu við að breyta deiliskipulagi fyrir fiskeldisstöðina Röndina á Kópaskeri.

Breyting á deiliskipulagi mun felast í eftirfarandi:

- Byggingarreitir (A) fyrir fjóra kerjapalla/eldishús eru 35m að breidd og 69m að lengd en óskað er eftir því að byggingarreitirnir breiðki í 40m og lengist í 75 m. Þá er óskað eftir því að hámarks mænihæð eldishúsa á byggingarreitum A hækki úr 9,5m í 12,5m og hámarks vegg hæð hækki úr 6,5m í 9,5m. Breytingin er til að hafa meira svigrúm til uppbyggingar innan byggingarreita kerjapalla/eldishúsa.

Einnig er óskað eftir því að felldir verði út skilmálar um fjölda og stærð fiskeldiskerja innan hvers byggingarreits (er skv. gildandi deiliskipulagi 8 ker sem eru 15m í hvermál). Þar sem ker eru í húsum er ekki talin ástæða til að hafa fjölda þeirra og stærð bundin í deiliskipulagi.

- Þörf er á nýju þjónustuhúsi vegna starfseminnar og óskað er eftir að það verði staðsett á milli kerjapalla/eldishúsa austast á lóðinni. Áætluð stærð þjónustuhúss er 700 m<sup>2</sup>.

Tveir möguleikar eru varðandi byggingu þjónustuhússins:

1. Lengja nyrðri byggingarreitinn fyrir kerjapall/eldishús og hafa þjónustuhús syðst innan reitsins og sambyggt kerjapalli/eldishúsi.
  2. Færa nyrðri byggingarreitinn fyrir kerjapall/eldishús til norður til að koma fyrir byggingarreit fyrir stakstætt þjónustuhús á milli núverandi byggingarreita.
- Skilmálum fyrir byggingarreiti D fyrir seyrtanka verður breytt á þann hátt að heimilt verður að koma fyrir tromlum innan reitanna auk seyrtanka. Þá er mögulegt að byggingarreitirnir hliðrist óverulega innan lóðarinnar.

Í gildandi deiliskipulagi er aðeins gert ráð fyrir að tromlufilter við hvert ker.

Hér að neðan má sjá hluta gildandi deiliskipulags sem sýnir það svæði sem breytigin nær til.



Landslag ehf. hefur umsjón með gerð breytingar á deiliskipulagi.

F.h. Landslags ehf.

**Ómar Ívarsson**  
Skipulagsfræðingur SFFÍ